

Reglur Fjarðabyggðar um liðveislu

I. kafli Markmið, hlutverk og skipulag liðveislu

1. gr. Markmið liðveislu

Með félagslegri liðveislu er átt við liðveislu samkvæmt 24. gr. laga um málefni fatlaðra nr. 59/1992. Markmið liðveislu er að efla viðkomandi til sjálfshjálpar, veita honum persónulegan stuðning og aðstoð sem miðar að því að rjúfa félagslega einangrun, svo sem aðstoð til að njóta menningar og félagslífs.

2. gr. Réttur til liðveislu

- Rétt til liðveislu á sá sem býr utan stofnana eða sambýla og fellur undir 2. gr. laga nr. 59/1992 um málefni fatlaðra
- Umsækjandi skal eiga logheimili í Fjarðabyggð.

3. gr. Stjórn og yfirumsjón

Félagsmálanefnd og forstöðumaður félagsþjónustusviðs fara með stjórn liðveislu. Daglegan rekstur liðveislu annast starfsmenn félagsþjónustusviðs.

II. kafli Framkvæmd þjónustunnar

4. gr. Umsókn um liðveislu

Sótt er um liðveislu hjá starfsmönnum félagsþjónustusviðs á þar til gerðum eyðubloðum. Umsókn skal vera undirrituð af umsækjanda, forsvaraðila hans eða talsmanni. Með umsókn um liðveislu skal fylgja læknisvottorð þar sem fram kemur tegund fötlunar. Einnig skal fylgja greinargerð frá Svæðisskrifstofu málefna fatlaðra og/eða Greiningarstöð ríkisins.

5. gr. Mat á þjónustu

Þörf fyrir liðveislu er metin í samráði við umsækjanda, aðstandendur eða talsmann umsækjanda, ásamt fulltrúa frá Svæðisskrifstofu málefna fatlaðra. Undanþágur frá reglum þessum eru lagðar fyrir félagsmálanefnd.

6. gr. Tímafjöldi

Liðveisla samkvæmt reglum þessum er tvenns konar:

- Mikil fötlun, þ.e.a.s. þegar einstaklingur er alfarið háður hjálp annarra og skal liðveisla þá vera að hámarki 20 klst á mánuði.
- Minni fötlun og skal liðveisla þá vera að hámarki 12 klst á mánuði.

Við sérstakar aðstæður og að fengnu samþykki félagsmálanefndar er heimilt að veita liðveislu umfram það sem hér segir.

7. gr. Skriflegt svar við umsókn

Ef umsækjandi uppfyllir þau skilyrði sem sett eru samkvæmt 2. gr. þessara reglna og samkvæmt mati starfsmanns er sent skriflegt svar þar sem fram kemur að umsækjandi eigi rétt á liðveislu og unnið sé að því að útvega liðveitanda.

8. gr. Tímabil samþykktar

Samþykktir um liðveislu skulu vera tímabundnar. Fyrsta liðveisla skal að jafnaði ekki vera lengri en til þriggja mánaða. Umsókn skal þá metin að nýju og framlengd, ef ástæða þykir til. Endurnýjaðar samþykktir skulu að hámarki vera til 6 mánaða. Heimilt er þó að ákveða liðveislu til 9 mánaða, ef liðveislan er tengd annarri tímabundinni þjónustu t.d. skólavist.

9. gr. Launakjör starfsmanna

Liðveitendur fá greidd laun hjá Fjarðabyggð og gilda um launakjör samningar milli Fjarðabyggðar og viðkomandi stéttarfélags. Liðveitendur er óheimilt að taka við greiðslum eða gjöfum frá þeim sem njóta liðveislu.

10. gr. Þagnarskylda

Liðveitendur skulu gæta þagnarskyldu um það sem þeir fá vitneskju um í störfum sínum og helst þagnarskyldan þótt viðkomandi láti af störfum.

11. gr. Vinnuskýrsluskil

Liðveitendur skulu skila vinnuskýrslum til starfsmanna félagsþjónustusvið 20. hvers mánaðar. Vinnuskýrslur skulu vera áritaðar af þeim sem nýtur liðveislu, forsvaraðila eða umboðsmanni, nema að annað sé ákveðið.

12. gr. Endurgreiðslur á útlögðum kostnaði

Liðveitandi fær endurgreiddan útlagðan kostnað frá Fjarðabyggð að hámarki 3000 krónur á mánuði. Allt umfram það verður að samþykjast af yfirmanni fyrirfram. Notandi liðveislu greiðir sjálfur útlagðan eigin kostnað. Liðveitendur skulu skila inn reikningsyfirliti ásamt fylgiskjólum eða kvittunum vegna útgjalda.

13. gr. Akstur

Að öllu jöfnu þarf liðveitandi ekki að nota bifreið við störf sín. Þegar óskað er eftir að liðveitandi noti bifreið sína við liðveislu, skal gerður við hann samningur um hámarksnotkun bifreiðar og skal honum þá greiddur aksturskostnaður samkvæmt akstursbók. Hámarksnotkun bifreiðar er 50 km á mánuði.

III. kafli Málsmeðferð, málskot og gildistími

14. gr. Málsmeðferð

Málsmeðferð samkvæmt reglum þessum fer að ákvæðum 16. kafla laga nr. 40/1991 um félagsþjónustu sveitarfélaga.

15. gr. Málskot

Málskot samkvæmt reglum þessum fer að ákvæðum 17. kafla laga nr. 40/1991 um félagsþjónustu sveitarfélaga. Ákvorðun um synjun á umsókn má skjóta til félagsmálanefndar Fjarðabyggðar. Skal það gert skriflega og eigi síðar en fjórum vikum eftir að viðkomandi barst vitneskja um ákvorðun.

Sé niðurstaða óhagstæð umsækjanda skal hún skýrð og rökstudd skriflega og umsækjandi upplýstur um rétt til málskots og málskotsfrest.

Reglur þessar voru samþykktar í
félagsmálanefnd Fjarðabyggðar 18. júlí 2000.
Samþykkt í bæjarstjórn Fjarðabyggðar 24.8.2000
Guðmundur Bjarnason
bæjarstjóri